

Gyðingarnir, Hallgrímur og Gracia Grindal

Í Passíusálmunum eru *Gyðingar* nefndir 56 sinnum. Í nýlegri enskri þýðingu þeirra koma *the Jews* fyrir nokkurn veginn fimm sinnum.¹

Hér verður athugað hvort þetta gengur upp, og hvort þýðandinn heldur trúnað við frumtextann. Til þess þarf að kanna merkingu Gyðinga-hugtaksins í Sálmunum, og gera sér grein fyrir því hvers konar sú gyðingaandúð er sem þar kemur fram. Þá er litið á lausnir þýðandans.

Gracia Grindal og Passíusálmarnir

Sú þýðing sem hér er til umfjöllunar kom út haustið 2019 í bókinni *Hymns of the Passion: Passíusálmar by Hallgrímur Pétursson*, hjá Hallgrímskirkju og Skálholts-útgáfunni.² Þetta var rétt áður en faraldurinn skall á og vakti bókina því minni athygli en vert hefði verið. Málþing sem fyrirhugað var við útgáfu bókarinnar tókst til dæmis ekki að halda fyrir en í mars 2022.

Þýðandinn, Gracia Grindal (f. 1943), var prófessor í predikunarfræðum við Luther Seminary í St. Paul-borg, Minnesota í Bandaríkjunum, og hefur auk fræðastarfa ort ljóð og sálma. Hún segir frá því í formála að hún hafi fyrst kynnst kveðskap Hallgríms í æsku þegar hún las sálminn „Kem eg nú þínum krossi að“ í enskri þýðingu Charles Venns Pilchers („Upon the Cross the Robber Prayed“), en hann er einmitt samsettur úr fjórum versum 40. passíusálms, um þriðja orð Kristí á krossinum. Þegar hún fór á eftirlaun árið 2013 tók hún til við þýðingu Passíusálmanna, með öðrum hætti en áður hafði verið gert, notar að mestu enskt nútímamál og bindur sig ekki við rímlist höfundar en heldur bragarhætti og hrynjandi. Grindal þakkar Karli biskupi Sigurbjörns-syni sérstaklega fyrir aðstoð og leiðsögn við verkið, og segir að án hans lið-sinnis hefði þýðingin aldrei orðið að veruleika: „Without Karl, I could not have done this.“³

Gook og Gyðingarnir

Eina þýðing Passíusálmanna allra á ensku áður en Grindal hófst handa er eftir Arthur Charles Gook (1883–1959), sem starfaði í hálfa öld á Akureyri. Hún

¹ Greinin er byggð á erindi sem flutt var á málþingi um þýðinguna í Hallgrímskirkju 13. mars 2022. — Tilvitnanir í Passíusálmanna eru í útgáfu mína frá 2015: Hallgrímur Pétursson, *Passíusálmarnir*, útg. Mörður Árnason, Reykjavík: Crymogea, 2015; og í Biblíuna í útgáfuna frá 2007: *Biblían ...*, Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag og JPV útgáfa, 2007. — Lesendur athugi þá stafsetningu að hér er bæði rætt um Gyðinga og gyðinga, og samkvæmt ritreglum gerður munur á þjóðinni, með hástaf, sem forðum bjó í Gyðingalandi og trúarhópnum, eða etninu, með lágstaf, sem síðar dreifðist um jarðarkringluna.

² Hallgrímur Pétursson, *Hymns of the Passion: Passíusálmar by Hallgrímur Pétursson*, þýð. Gracia Grindal, inng. Karl Sigurbjörnsson, form. Gracia Grindal, Reykjavík: Hallgrímskirkja og Skálholtsútgáfan, 2019.

³ Sama heimild, bls. 19.

kom út að honum látnum árið 1966.⁴ Í þýðingu Gooks eru Gyðingar nefndir óhikað en þó sjaldnar en í frumtexta. Í um 45% tilvika eru farnar aðrar leiðir.⁵

Grindal getur um þýðingu Gooks í formála sínum, og telur að hann hafi reist sér hurðarás um öxl með því að fylgja um of bragsniði frumtextans („... it was clear ... that the various hymn forms Hallgrímur used, which Gook manfully tried to retain from the Icelandic, had defeated him“).⁶ Hún ræðir á hinn bóginn ekkert í formálanum um Gyðinga í þýðingu Gooks eða sinni. Þess má geta að einstök vers í þýðingu Gooks hafa verið nýtt sem sýnidæmi um gyðingaandúð Hallgríms Péturssonar og samtíðarmanna hans, jafnvel þar sem Gook gengur mun lengra en í frumtextanum.⁷

Gyðingaandúð í Passíusálmunum

Sá sem hér skrifar hefur áður fjallað um Gyðinga í Passíusálmunum.⁸ Helstu niðurstöður úr þeirri athugun eru þessar:

Í Sálmunum kemur fram gyðingaandúð, einsog um alla hina kristnu Evrópu í lok miðalda og upphafi nýaldar.

Höfundur Passíusálmanna sker sig að þessu leyti ekki úr í hópi íslenskra skálda frá um 1400 til um 1700. Raunar má halda því fram að um þetta séu Sálmarnir skárri en margur annar trúarskáldskapur tímabilsins.

Í Sálmunum ber ekki mjög á því sem kalla má „almenna gyðingaandúð“ — sem loddi við flest Evrópulönd fram á tuttugustu öld, og er svipaður öðrum rasisma. Þessi almenna andúð er oft á alþjóðamáli kölluð andsemítismi. Það er sannarlega ekki talað vel um Gyðinga eða Júða⁹ í þeirri sögu sem sögð er í Sálmunum, en þeir eru þar í hlutverki „vonda kallsins“ og þurfa lesendur Sálmanna eða áheyrendur ekki að undrast að slíkum sögupersónum sé stungin sneiðin.¹⁰

⁴ Hallgrímur Pétursson, *Hymns of the Passion: Meditations on the Passion of Christ*, by Hallgrímur Pétursson, þýð. Arthur Charles Gook, inng. Sigurbjörn Einarsson, Sæmundur G. Jóhannesson skrifar um Gook (ennfremur þýddur sálmurinn Um dauðans óvissan tíma), Reykjavík: Hallgrímskirkja, 1966.

⁵ Lausleg athugun sýnir að Gyðingar/Júðar eru nefndir 27 sinnum í frumtexta 1.–25. passíusálms, 15 sinnum hjá Gook en tvisvar hjá Grindal.

⁶ Hallgrímur Pétursson, *Hymns of the Passion*, þýð. Gracia Grindal, bls. 15.

⁷ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson birtir 4. vers 25. sálms í þessu skyni í ritgerð á ensku, „Iceland, The Jews, and Anti-Semitism“, *Behind the Humanitarian Mask: The Nordic Countries, Israel, and the Jews*, ritstj. Manfred Gerstenfeld, Jerúsalem: Jerusalem Center for Public Affairs og Friends of Simon Wiesenthal, 2008, bls. 179–203 (versió bls. 220). — Gook þýðir svona: „The righteous Law of Moses / The Jews here misapplied, / Which their deceit exposes, / Their hatred and their pride. / The judgment is the Lord's. / When by falsification / The foe makes accusation, / It's His to make awards.“ Ásakanir í garð Gyðinga passíusögunnar eru vægðarlausari á enskunn, og þar glatast áminningin til valdsmanna samtímans, „Sjái valdsmenn að sér“. En ekki hjá Grindal: „Let men of pow'r be warned!“

⁸ Mördur Árnason, „Um gyðingaandúð í Passíusálmunum“, *Skírnir* haust/2019, bls. 223–282. Sjá einnig athugasgreinar í útgáfunni frá 2015, einkum „Enn í dag bera þeir hennar gjöld“ (bls. 358–362). Í fyrrihluta greinarinnar er byggt á þessum ritsmíðum þótt sparlega sé vitnað til þeirra, svo sem um guðsdrápið og umskiptin (Mördur Árnason, „Um gyðingaandúð í Passíusálmunum“, bls. 250 o.áfr., bls. 260 o.áfr.; um Lúther bls. 268–273).

⁹ Í Passíusálmunum eru þessi orð fullkomin samheiti. Ekki verður vart niðrunar í orðinu *Júði* heldur virðist dreifing orðanna tveggja fyrst og fremst stjórnað af kröfum hrynjandi, ríms og stuðla. Sjá athugasgrein í útgáfunni frá 2015, „Júðar og Gyðingar“ (bls. 362–363).

¹⁰ Gyðingar Passíusálmanna fá einkunnir tengdar illsku, grimmd, heift og hatri, falsi og hræsni, öfund og blindu. Hvergi verður hins vegar vart einkunna í stíl við þær sem bandaríski rabbíninn Trachtenberg lýsir í bók sinni um gyðingaandúð, nefnilega að gyðingar séu okurkarlar, fari fram með göldrum, hafi furðuleg nef og horn í enni, samneyti svínunum og geitum, af þeim sé sérstakur óþefur, þeir hafi ánægju af því að spilla oblátum og drep

Ýmsir telja raunar að umfjöllunin um Gyðingana í Passíusálmunum geti varla talist bera vitni um gyðingaandúð af hálfu höfundar eða í samtíð hans.¹¹ Í Sálmunum sé allajafna ekki fjallað um þjóðina eða trúflokkinn sem slíkan með heitinu Gyðingar/Júðar, heldur fundið að þeim sem beita sér gegn sögu-hetju Sálmanna, kennimönnunum, öldungunum og að þeirri alþýðu manna sem valdi Barrabas umfram Krist.

En þá gleymist að í Sálmunum er augljós „kenningarleg andúð“ — andjúda-ismi — sem er sérleg fyrir kristindóminn. Annarsvegur er um að ræða kenn-inguna um guðsdrápið (lat. *deicidum*), hinsvegar umskiptakenninguna (súper-sessjónismann).¹²

Guðsdrápið

Guðsdrápskenningin felst í því að gyðingar hafi drepíð Krist og séu því einskis góðs maklegir. Helsta undirstaða hennar er lýsing Matteusarguðspjalls (27.24–25) á handþvotti Pílatúsar og samtali hans við lýðinn, sem svaraði: „Komi blóð hans yfir okkur og yfir börn okkar!“ Í hinum guðspjöllunum þremur er þessa samtals ekki getið, þótt í þeim öllum heimti lýðurinn kross-festingu. Í Postulasögunni er aftur á móti ljóst hverjir drápu Krist. Í ræðu á hvítasunnudaginn fyrsta í Jerúsalem (2.36) vill Pétur postuli að „öll Ísraels ætt“ viti það um „þennan Jesú, sem þið krossfestuð“ að hann sé nú orðinn bæði Drottinn og Kristur. Fleiri staði má nefna, og ennfremur staði sem hægt er að túlka á annan veg.

Samskipti gyðinga og kristinna mótuðust langt fram á nýöld af guðsdráps-kenningunni — að gyðingarnir væru sekir sem slíkir: Þeir á torginu í Jerúsalem og börn þeirra líka. Þessa speki er að finna í ýmsum ritum íslensku kirkjunnar, til dæmis þar sem Guðbrandur Þorláksson gefur út *Passio* Veits Dietrichs og Marteins Lúthers.¹³

Gyðingarnir sveitast ennú á þessum degi undir Christi blóði, og það mun loksins þrykkja þeim niður til helvítis.

Umskiptin

Umskiptakenningin sprettur af því kristilega dogma að með birtingu Krists á jörðu og fórnardauða hans hafi hlutverki guðspjóðarinnar, Gyðinga, lokið, og eftir það gefist öllum kostur á náð Guðs með því að taka kristna trú. Gyðingar höfðu við guð sinn gamla sáttmála, eða testamenti, og hlýddu lögmálinu, en

kristin börn til að drekka úr þeim blóðið í trúarathöfnum sínum, enda synir andskotans. Mördur Árnason, „Um gyðingaandúð í Passíusálmunum“, bls. 241, 243–248. — Þessar einkunnir eiga við gyðinga á miðöldum og síðar, en höfundur Passíusálmanna fjallar fyrst og fremst um Gyðinga í Gyðingalandi á tímum Krists.

¹¹ Sjá m.a.: Einar Sigurbjörnsson, „Gyðingar í Passíusálmunum“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 34/2012, bls. 36–49; Árni Svanur Danielsson, „Marteinn Lúther og Gyðingarnir“, *Kirkjuritid* 63:1/1997, bls. 10–22.

¹² Í Skirnisgreininni (sjá: Mördur Árnason, „Um gyðingaandúð í Passíusálmunum“) er talað um guðsdráps-kenninguna og umskiptakenninguna — sem endurspeglar muninn á afstöðu-tilgátu-teoríu annarsvegur og doktrínu hinsvegar. Hér verður hvort tveggja kallað kenning. — Notað er nýyrðið *umskiptakenning/-kennisetning* fyrir súpersessjónisma. Í þýsku eru um þetta m.a. notuð orðin *Ersatztheologie* og *Ersetzungstheologie*, sem samsvara nokkurn veginn „umskiptum“.

¹³ Luther og Dietrich; *Passio*, Hólum: 1600, 88v, sjá: Mördur Árnason, „Um gyðingaandúð í Passíusálmunum“, bls. 252–253.

kristnir fengu nýja sáttmála og fagnaðarerindið — og það hlutverk í veröldinni að gera allar þjóðir að lærisveinum.

Það hefur vafist fyrir hugmyndalegum foringjum kristninnar hvert hlutskipti gyðingum sé ætlað eftir komu Krists. Lúther taldi til dæmis að gyðingum væri einboðið að ganga til liðs við hina hreinu trú, og snerist til andstöðu við þá eftir dræmar undirtektir.

Gyðingar hafa að þessu leyti fullkomna sérstöðu af kristilegri hálfu meðal þjóða, etna og trúarhópa. Það kemur meðal annars fram í reglum um fyrirbæni á föstudaginn langa í Rómarkirkjunni og kirkjum mótmælenda: Fyrst kirkjan sjálf og hennar fólk, þá aðrir sem teljast kristnir, síðan gyðingar og loks fólk af óskyldri trú. Gyðingar eru því hvorki frávilltir sauðir né heiðingjar, heldur „eignarlýður Guðs,“ einsog stendur í Handbókinni frá 1981,¹⁴ sem Guð er beðinn að leiða til þekkingar á Kristi. Sem að sönnu er afar mild útgáfa af hinni aldagömlu fyrirbæn. Elsta þekkt gerð hennar er í lítúrgíubókinni *Sacramentarium Gelasianum*, handriti frá 7.–8. öld, og er líklegt að fyrirbænin sé talsvert eldri.¹⁵

Þessi sérstaða Gyðinga í kristilegri heimssýn hefur átt ólittinn þátt í kenningarlegri gyðingaandúð.

Gyðingarnir í Passíusálmunum

Sagan sem sögð er í Passíusálmunum er höfð úr guðspjöllunum, einkum með milligöngu hinnar samræmdu guðspjallasögu Jóhannesar Bugenhagens (á ísl. fyrst 1588) og í samráði við *Eintal sálarinnar* eftir Martin Moller (á ísl. 1599).

Jesús Kristur og fylgismenn hans eru ekki kallaðir Gyðingar í þessum textum.¹⁶ Í Sálmunum eru aðrir íbúar Landsins helga kallaðir Gyðingar, en langoftast eru það þó leiðtogar samfélagsins sem bera það heiti, kennimenn og öldungar. Almennig er einnig þá nafngift, svo sem þegar hann safnast saman, ekki síst þegar kemur að úrskurði Pílatúsar. Einsog áður var á drepið er lýsing þeirra í Sálmunum heldur neikvæð, en ber þó lítinn keim af orðfæri og hugmyndum á meginlandi Evrópu frá miðöldum og fram á tilurðartíma Sálmana.

Í Passíusálmunum er bæði að finna boðskap guðsdráps- og umskiptakenningarinnar, enda virðast þær hafa talist sjálfsagður hluti kristinna fræða á fyrstu öldum hins nýja siðar á Íslandi. Frásögnin af samtali Pílatúsar við lýðinn, handþvotti og úrskurði í 28. sálmi er innblásin af guðsdrápskenningunni, og umskiptakenningin kemur fram bæði í 30. sálmi um krossburð Símonar og í 46. sálmi um teiknin við Kristi dauða.

¹⁴ *Handbók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju, 1981, bls. 83.

¹⁵ *The Gelasian Sacramentary: Liber sacramentorum Romanae ecclesiae*, ritstj. H.A. Wilson, Oxford: Clarendon Press, 1894, bls. 77, sbr. bls. xxv.

¹⁶ Í 49. sálmi segir frá Jósef af Arimatíá, ráðsherra eða öldungaráðsmanni, þeim sem lagði Kristi til legstaðinn. Þótt um sé að ræða öldungaráð Gyðinga — sem heitir annarstaðar t.d. „öldungar Júða“ (15.1) — virðist Jósef ekki vera í þeirra hópi, andstætt hinum í ráðinu: „Gyðinga svik, við son Guðs skeð, / samþykkt hafði þeim aldrei með“ (49.1).

Gyðingarnir í þýðingunni

Sem áður segir koma orðin *Gyðingur* og *Júði*, alltaf í fleirtölu, fyrir 56 sinnum í Passíusálmunum, 51 sinni ef sálmheitum er sleppt. Í þýðingu Graciu Grindal eru *Jews* nefndir aðeins þrisvar og tvisvar lýsingarorðið *Jewish*.

Gyðingar eru eiginlega ekki nefndir í þýðingunni nema þar sem ekki verður komist hjá því. Í 19. og 36. sálmi, um útleiðsluna úr þinghúsinu og um yfirskriftina á krossinum, verður að koma fram að Kristur er kallaður konungur Gyðinga — *the King the Jews expect, King of the Jewish people, King of the Jews*. Í 22. sálmi, um krossfestingarhrópin, er nefndur sá siður Gyðinga að fá sakamann frjálsan á páskum — *a Jewish custom*. Og í 39. sálmi, um ræningjans iðrun, segir frá því að bæði heimamenn og heiðnir (þ.e. rómverska setuliðið) gerðu hróp og háreysti við krossinn — *Gentiles and Jews alike*. Annarstaðar er ekki minnst á Gyðinga í þýðingunni.

Af um 50 stöðum þar sem nefndir eru Gyðingar og Júðar í Passíusálmunum má í grófum dráttum telja að um 20 sinnum sé átt við kennimenn og öldunga, og um 13 sinnum við leiðtoga og almúga saman án þess sundur verði greint.¹⁷

Gracia Grindal fer allajafna þá leið að nota í stað Gyðing-heitisins stöðu-eða hópheiti þeirra sem við er átt, eða að vísað er með fornafni til þess eða þeirra sem áður er sagt frá. Þeir sem sækja Krist í grasgarðinn (5.–10.) eru í Sálmunum Gyðingar. Grindal kallar þá hinsvegar „soldiers“ eða „his captors“ eða „his enemies“. Kennimenn og öldungar eru heldur ekki Gyðingar hjá Grindal heldur heita þeir „priests“ eða „the religious“ (16.7) eða „priests and rabbis“ og „elders“. Almúgin sem hafnar Kristi, oftast kallaður Gyðingar hjá Hallgrími, er í þýðingunni kallaður „the mob“ eða „the crowd“ eða „crowds“. Þegar Pílatus „Gyðingum sagði hér“ á Gabbatá: „Sjáið, þar yðar kóngur er ...“ (27.2) í frumtexta, þýðir Grindal, og á við kennimennina, að hann hafi „addressed those standing there“.¹⁸ Þar sem Hallgrímur talar um almúgann og foringja þjóðarinnar sameiginlega sem Gyðinga notar Grindal oft „his foes“ eða „enemies“.

Fyrir kemur að þessi aðferð þrengir túlkunarmöguleika í frumtextanum. Í 8. sálmi segir að „Guðs syni Júðar guldu í laun / grimmd, hatur og fangelsi“ (8.6) og síðar er lesanda ráðlagt: „Gyðinga dæmi skynja skalt / skil þig við ódyggð slíka.“ Grindal notar í fyrra skiptið „they“ — sem getur ekki annað en vísað til þeirra sem komu í grasgarðinn í 1. versí, og í seinna skiptið „his foes“ og er eðlilegast að líta svo á að það séu hinir sömu „they“. Í frumtextanum má hinsvegar skilja þetta svo að rætt sé um almennar viðtökur Krists meðal Gyðinga, jafnvel fyrr og síðar.

Og stundum hníkast merking til við þessa stefnu þýðandans. Í 19. sálmi er minnst á dogma gyðingdóms um komu Messíasar þegar Pílatus veltir fyrir sér meintri kóngstign Krists: „kom hönum þá til hugar fyrst / hvað fyrri heyrði og

¹⁷ Um átta sinnum er átt við hermenn eða þjóna kennimannanna (í grasgarðinum, á Golgata ...), um sjö sinnum við þjóðina eða etnið í landinu (Gyðingalönd, kóngur Gyðinga ...), og þrisvar er óljóst hvort um er að ræða sögupersónur, þjóðina eða hvort tveggja (6.11, 8.6, 8.8). Þetta er hæfilega ónákvæmt yfirlit, ekki vandleg greining.

¹⁸ Sálmurinn heitir „Pílatí samtal við Gyðinga á dómstólnum“ og í textaversunum kemur ekki fram við hverja er átt nákvæmlega. Í fyrirmyndinni, Jóh 19.13, ræðir Pílatus bæði við kennimennina og fólkið. Í þýðingunni er fyrrsögn sálmsins aftur á móti: „Pilate and the Religious Authorities“.

nam / af Júðum mælt um Messíam“ (19.3). Hér segir Grindal að „they“ — nefnilega „the priests“ úr fyrri erindum — „thought Messiah soon would come“. Bara þeir? En ekki alþýða manna í Gyðingalandi?

Kostir og gallar

Þessi aðferð Graciu Grindal hefur kosti og galla. Hún fjarlægir úr textanum sífellt tal um vonda Gyðinga sem lætur illa í nútímaeyrum eftir ofsóknir fyrri alda og helförina sjálfa um miðja síðustu öld. Til varnar aðferðinni er einmitt að oftast er í Sálmunum ekki átt við þjóðina í heild heldur leiðtoga hennar, og svo borgarmúginn í Jerúsalem.

Að ofan var minnst á fyrri heildarþýðingu Passíusálmanna á ensku, þar sem oftast er minnst á Gyðingana. Vel má vera að Grindal hafi viljað bæta um betur og koma til skila á tungu sinni skáldskap og boðskap án þess að vekja upp óþægilegar hugrenningar um gyðingaandúð þá og nú — sem í heimalandi hennar, Bandaríkjunum, er enn daglegt umfjöllunarefni. Það væri skiljanleg afstaða.

Gallarnir eru hins vegar að merking hníkast til og túlkunarviðd skreppur saman. Og kannski gerði höfundur Sálmannna engan verulegan mun á hópum manna í Landinu helga á tímum Krists annarsvegar og gyðingum fyrr og síðar hinsvegar.

Umskiptin í þýðingunni

Umskiptakenningin kemur skýrt fram í tveimur passíusálmanna, hinum 30., um krossburðinn, og 46., um teiknin við Kristí dauða.

Í 30. sálmi er sögð sagan um Símon frá Kýrene sem bar krossinn nokkurn spöl samkvæmt öllum samstofna guðspjöllunum. Þar er ekki getið um þjóðerni krossberans, etni eða trú, en í sálminum er hann heiðinn maður útlendur. Krossburður Símonar er tákn þess að nú beri kristnir krossinn með Kristi. Gyðingum hefur verið hafnað, og um leið stendur dýrðarhnossið, náð Guðs, okkur til boða, hinum kristnu. 30.6:

Framandi maður mætti Kristi,
með hönum bar hans þunga kross.
Hér má finna, hvörn það lysti,
hreina þýðing upp á oss:
Gyðingafólk þá Guðs náð missti,
gafst heiðingjum dýrðarhnoss.

Í 46. sálmi er lýst teiknunum við dauða Krists. Jörð skelfur, dauðir lifna, og sjálft musteristjaldið í Jerúsalem rifnar í tvennt. Þetta er tákn — tilveru Gyðinga sem guðspjóðarinnar er lokið. 46.6:

Fortjaldið sýnir sannleik þann,
sundur þá rifna náði,
af takast skyldi öll fyrir sann,
eftir Guðs settu ráði,

Gyðingakynsins kóngleg stjórn,
kennivaldið og lögmálsfórn,
sem ritning sjálf um spáði.

Versið í 30. sálmi er svona í þýðingunni:

See, a foreigner met Jesus,
Bore the burden of his cross,
If you will, you here may notice,
Meaning that still bears on us.
When his people shunned his offer
Then we gained his gift of love.

Af sjónarhóli umskiptakenningarinnar er ekkert við þessa þýðingu að athuga. Þótt ekki sé minnst á „Gyðingafólk“ er talað um „his people“ og þar væntanlega vísað til Guðs útvöldu þjóðar. Okkur, fyrrverandi heiðingjum, hlotnaðist kærleiksgjöf Guðs þegar guðsþjóðin hafnaði Kristi.

Versið í 46. sálmi er svona í þýðingunni:

The curtains' rending truly shows
The sundered rifts of mercy
God's purposes are always known
And here we see his purpose
The kingly rule of priestly scribes
Law's sacrifice and teaching rites
Are over, Scripture said it.

Þýðingin er trú frumtextanum, þótt ekki sé beinlínis minnst á Gyðinga. Tilvera Gyðingaríkis og grundvöllur gyðingdóms: the kingly rule, law's sacrifice og teaching rites — þetta er búið, samkvæmt „his purpose“. Umskiptakenningin er skýr.

Guðsdrápið í þýðingunni

Í Passíusálmunum á guðsdrápskenningin sér aðsetur í 28. sálmi, Um Pílatí rangan dóm, þar sem rakin er frásögn Matteusarguðspjalls. 28.2:

Hendur í vatni þá nam þvo,
þar næst við Júða mælti svo:
Sjálfir um yður sjáið þér.
Saklaus við réttlátt blóð eg er.
Allur almúginn upp á það
andsvarar greitt í þessum stað:
Hans blóð, þó nú hann kvelji kross,
komi yfir börnin vor og oss.

Útleggingin er í fyrri hluta 28.9:

Blóðshefnd á sig og börn sín með
blindaður lýður hrópa réð.
Efldist svo þessi óskin köld,
enn í dag bera þeir hennar gjöld.

Hér fer ekkert á milli mála. Gyðingarnir á torginu við dómstólinn ákváðu að krossfesta Krist og kölluðu blóð hans yfir sig og börn sín. Og enn gjalda afkomendur þeirra þessarar köldu óskar.

Í síðari hluta níunda vers notar skáldið svo tækifærið að brýna fyrir söfnuðinum að gæta orða sinna: „Athugagjarn og orðvar sért, / einkum þegar þú reiður ert. / Formæling illan finnur stað, / fást mega dæmin upp á það.“ Sem er sannarlega þörf leiðbeining, þótt heimfærslan kunni að þykja nokkuð hversdagsleg.

Grindal þýðir fyrrnefnda versið svona:

His hands he washed in water now
And then he spoke unto the crowds:
“The burden now must rest with you
I’m innocent of righteous blood.”
The mobs rose up with one accord
Their fury raised against our Lord.
“The blood he sheds upon the cross
Will be upon our heirs and us!”

Júðar í frumtexta eru hér orðnir „the crowds“ en annað er sannferðuglega þýtt. Blóðið kemur yfir „us“ og „our heirs“. Skoðum þá útleggingarversið:

They called blood down upon their seed
And blindly did this terrible deed.
For vows like this, that caused such ill,
Some make their children suffer still.
A potent wish for which we pay
For we were there that terrible day.
Such imprecations bear bad fruit
For cursing there is no excuse.

Í fyrstu tveimur vísuorðum er bein þýðing samsvarandi frumtexta. Efnisinnihald síðari hlutans, aðvörun um formælingar, er komið fyrir í 7.–8. vísuorði. Í miðhluta versins, 3.–6. vísuorði, er svo heimfærsla sem ekki er að finna hjá Hallgrími. Þar segir að enn komi bölbænir manna niður á börnum þeirra, og síðan að „we“ — nútíma-mannkyn, eða að minnsta kosti hinn kristni hluti þess — gjöldum fyrir blóðsvarið á Gabbatá: „A potent wish for which we pay ...“ Þar hafi verið viðstaddir fulltrúar okkar, með öðrum orðum við sjálf, og er undirskilið að „we“ höfum tekið þátt í blóðhrópunum.

Sú kenning eða túlkun er að sönnu ekki óþekkt að mannkynið sem slíkt hafi við þetta tækifæri hafnað Kristi. Þess skilnings verður þó ekki vart í 28. passúsálmi, og hvergi í verkinu. Þýðandinn yrkir sjálfur.

Snúnar spurningar — erfið svör

Þýðing er aldrei auðveld. Það þarf að velja og hafna, og stundum skera úr þar sem frumtextann má skilja meira en einum skilningi. Vandinn vex þegar um er að ræða texta frá fyrri öldum. Horfið samfélag og annar hugmyndaheimur banka uppá hjá þýðandanum, sem kannski ætlaði sér fyrst og fremst að fást við hinn bókmenntalega galdur.

Þótt Passíusálmarnir séu ekki hugmyndalegur einsteinungur¹⁹ eru þeir ortir á hugmyndagrunni lúthersks rétttrúnaðar, og þangað sækir skáldið bæði umskipta- og guðsdrápskenninguna.

Niðurstaða þessarar athugunar er því, með fullri kurteisi, að það hljóti að teljast galli á hinn nýju þýðingu að halda umskiptunum nokkurn veginn einsog þau koma af kúnni en umtúlka guðsdrápið yfir í almenna synd. Og spurningar vakna um trúnað við höfund og samtíma hans.

Ef til vill tengjast þessar lausnir þýðandans erfiðleikum kristinnar kirkju í nútímanum gagnvart sögu sinni. Án gyðingdóms væri engin kristni, en ofsóknir og andúð gagnvart gyðingum hafa allt fram á tuttugustu öld fyrst og fremst einkennt trúsvæði kristninnar. Helstu kirkjudeildir hafa vissulega hafnað guðsdrápinu, einkum eftir tíðindin úr heimsstyrjöldinni síðari. Leikmanni sýnist á hinn bóginn að ekki hafi komið fram neinn eiginlegur doktrínall valkostur við umskiptakenninguna, þrátt fyrir fjölbreytta afstöðu innan kristinna kirkna.²⁰ Kristin kenning gengur út frá því að drottinn hafi yfirgefið eignarlýð sinn við komu Krists, eða að minnsta kosti við dauða sonarins, og nú standi aðeins þeim opinn vegur í Abrahams skaut sem fylgja Kristi. Og þar dettur svo gyðingdómurinn milli skips og bryggju.

¹⁹ Orðalag Heimis Steinssonar. „,Það er fullkomnað“: Athuganir á Passíusálmum með sérstakri vísan til sálmsins um „Það sjötta orð Kristí á krossinum“.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 4. apríl 1988, bls. 8–9.

²⁰ Sjá Möður Árnason, „Um gyðingaandúð í Passíusálmunum“, bls. 264–268.